



Reykjavík 24 .apríl 2020

Bjarni Þóroddsson
Skrifstofa borgarstjórnar
Ráðhús Reykjavíkur

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um útboð Reykjavíkurborgar um kæru vegna útboðs Reykjavíkurborgar á stýribúnaði umferðarljósa og framkvæmd ljósastýringar frá 1979 - R19100452.

1. Er Reykjavíkurborg búin að svara kæru sem er til meðferðar hjá kærunefnd útboðsmála um rammisamning um stýribúnað umferðarljósa?

Svar: Reykjavíkurborg auglýsti útboð nr. 14356 auðkennt „*Rammisamningur um stýribúnað umferðarljósa*“ á vef Reykjavíkurborgar og utboðsvefur.is þann 11. október 2019. Tvær kærur hafa borist vegna þess rammisamningsútboðs. Annars vegar barst kæra frá Reykjafelli ehf., dags. 27. nóvember 2019 (mál nr. 32/2019), sem var svarað af hálfu Reykjavíkurborgar með tölvupósti dags. 6. desember 2019 og bréfum dags. 17. janúar 2020 og 16. apríl 2020 (R19110378). Hins vegar barst kæra frá Smith & Norland hf., dags. 27. desember 2019 (mál nr. 34/2019), sem var svarað af hálfu Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 31. janúar 2020 (R20010146).

2. Er það virkilega svo að sama fyrirtæki hafi verið í viðskiptum við Reykjavíkurborg á þessu tiltekna sviði allt frá árinu 1979 eins og fram kemur í fundargögnum innkauparáðs?

Svar: Sjá greinargerð að neðan. En í stuttu máli þarf á þessu sviði að kaupa búnað, auk þess að setja hann upp og reka. Reykjavíkurborg hefur átt í viðskiptum við nokkra ólíka verktaka vegna uppsetningar. Varðandi kaup á vélbúnaði í göturýminu, þá kemur hann frá ólíkum framleiðendum. Að stærstum hluta hefur vélbúnaðurinn verður keyptur frá sama söluaðila. Reykjavíkurborg hefur einnig verið í viðskiptum við fleiri ólíka söluaðila vegna ýmissa íhluta. Loks hefur Reykjavíkurborg verið í viðskiptum við ólíka þjónustuaðila vegna reksturs á kerfinu.

3. Hvaða fyrirtæki hafa þjónustað Reykjavíkurborg í ljósastýringum frá árinu 1979?

Svar: Ýmsir verktakar sem og sölu- og þjónustuaðilar, má þar nefna Advania Bjóssi ehf., BM-Vallá, Ferrozink, Gagnaveita Reykjavíkur, GM verk, Íhlutir, Kurl ehf., Lóðþjónustan, Mila, Opin kerfi, Rönning, Set ehf., Smith og Norland. Auk fjölda verkfræðistofa.

4. Hvað hefur Reykjavík farið í mörg útboð á ljósastýringarbúnaði frá árinu 2000?

Svar: Fyrsta útboð var gert 2005 þar sem Reykjavíkurborg, í samvinnu við Vegagerðina, fór í allsherjarútboð á miðlægri stýritölvu umferðarljósa og vélbúnaði á völdum gatnamótum. Annað útboð var gert 2019 (rammisamningur um stýribúnað umferðarljósa) sem var dregið til baka vegna formsgalla.

Greinargerð

Til að hægt sé að setja rammisamning um stýribúnað umferðarljósa í samhengi og fá grunnskilning á öllu kerfinu, þá er hér gerð tilraun til að útskýra það með stuttum og einföldum hætti:

Allt kerfið fyrir umferðarljósina á höfuðborgarsvæðinu, rekið af sveitarfélögunum og Vegagerðinni, samanstendur af þremur meginþáttum:

- 1) miðlægri stýritölvu umferðarljósa (MSU), staðsett í Borgartúni



- 2) vélbúnaði úti á ljósagatnamótum (stýrikassar, ljóssker, hnappabox, skynjarar, kaplar, o.s.frv.)
- 3) hugbúnaði fyrir 1) og 2)

Í grófum dráttum, virkar kerfið svohljóðandi:

- i. Meirihluti stýrikassanna eru tengdir við miðlæga stýritölvu umferðarljósa (MSU), annaðhvort í gegnum ljósleiðara eða farsímanet (4G).
- ii. Almennt er einn stýrikassi staðsettur við hver ljósagatnamót og öll ljóssker, skynjarar og hnappabox eru tengd við hann. Stýrikassinn sér um að skipta ljósunum (rautt <-> gult <-> grænt) skv. fyrirframskilgreindu ljósaprógrami (þ.e.a.s. hugbúnaði fyrir stýrikassann). Hvort sem kassi er tengdur MSU eða ekki, þá getur hann alltaf opererað sjálfstætt.
- iii. Ljósaprógrammið er breytilegt eftir tíma dags og er háð umferðarmagni (svokallað TASS kerfi). Almennt er sérstakt prógramm fyrir morgunumferð, síðdegisumferð, hádegisumferð, kvöldumferð og loks næturumferð.
- iv. Ljósaprógrammið er hannað af starfsfólki RVK eða ráðgjöfum, en sjálf forritunin fyrir stýribúnaðinn í kassanum er framkvæmd af sérfræðingum framleiðenda stýrikassa umferðarljósa. Framleiðandi stýrikassa ber ábyrgð á öryggiskerfi stýrikassans og virkni ljósaprógramma.
- v. Miðlæga stýritölvun gegnir einnig fjölpættu hlutverki:
 - a. Vöktun
 - Starfsmenn RVK og Vegagerðarinnar geta vaktað þau gatnamót sem eru tengd við MSU, í gegnum hugbúnað MSU (Sittraffic Scala) og séð t.d. ef skynjari, hnappabox, ljóssker eða stýrikassi er óvirkt.
 - b. Greining
 - hægt er að nota hugbúnað MSU til að ýmissa greininga (t.d. skoða gögn aftur í tímann, skýrslugerð fyrir lögreglu ef um slys á ljósastrætum gatnamótum er að ræða)
 - c. Stýring
 - Skipting á milli ljósaprógramma eftir umferðarmagni og tíma dags (TASS kerfi – sjá lið iii. að ofan). Teljarar eru staðsettir víðsvegar á stofnbrautum og eru tengdir MSU, sem sendir boð í alla stýrikassa þegar skipta á um ljósaprógramm.
 - Forgangur strætisvagna og neyðarbíla í gegnum svokallað STREAM kerfi. Strætisvagn eða neyðarbíll sendir boð úr búnaði um borð í ökutækinu, til MSU, sem sendir aftur boð í stýrikassann um að haga ljósastillingum þannig að strætisvagninn/neyðarbílinn komist greiðlega í gegnum ljósagatnamótin.

Rammasamningur um stýribúnað umferðarljósa fjallar eingöngu um lið 2) hér að ofan, þ.e.a.s. kaup á vélbúnaði úti í göturýminu/á ljósagatnamótum (þegar um er að ræða nýjan vélbúnað, annað hvort á nýjum gatnamótum eða endurnýjun á eldri vélbúnaði – viðhald á eldri búnaði fellur ekki undir rammasamninginn).

Virðingarfyllst,
Jóhanna Eirný Hilmarsdóttir, skrifstofustjóri